

Siglingaklúbburinn Þytur

Stjórnarfundur 5. 04. 2001

Dagskrá ekki auglýst fyrirfram

Fundur settur: 20:09

Mættir: Egill Kolbeinsson (EK), Gunnar Geir Halldórsson (GGH), Haraldur Ágústsson (HÁ), Trausti Evarsson (TÆ), Birna Sigþórsdóttir (BS).

1. Formannafundur

EK segir að formannafundur hafi ákveðið að breyta mótaskrá sumarsins þannig að Secret mót er flutt fram um eina viku, Akranesmóti er seinkað fram í ágúst, síðastu helgina í júlí verður löng keppni til Grunarfjarðar. EK segir að það hafi verið reynt í mörg ár að koma á langri keppni, núna vill Grundarfjörður taka þátt í þessu því verður að flýta okkar móti, hann telur að einhverjir frá Þyt vilji e.t.v. sigla með öðrum þó klúbbbátarnir færu ekki. GGH finnst ómögulegt að breyta þessu, segir það sé hefð að halda Secret mótið síðustu helgina í júlí, er alfarið á móti því að hræra í þessu segir menn hafi getað gengið út frá því til þessa hvenær Secret mótið er, SÍL þing hafi samþykkt mótaskrá segir það ómögulegt að breyta þessu, menn eru e.t.v. búnir að sitja niður sumarfrí m.t.t. móta. EK segir að það hafi komið óskir um langa keppni, sérstaklega frá Keflavík, það fær stuðning frá Grundarfirði, EK vildi ekki seinka Secret mótinu fram í ágúst frekar flýta því um viku, segir að um þetta sé samkomulag milli klúbbanna og þar er samstarfsvettvangur. GGH með athugasemdir um að það sé boðað til formannafundar þar sem eru óskir um að breyta mótaskrá SÍL sem hefur verið samþykkt samhljóða á þingi, segir enga festu í þessu, segir slíkt hafa gerst áður, þá hafi hann verið búinn að setja niður sumarfrí sem hann gat ekki breytt og gat þess vegna ekki tekið þátt í móti, auk þess sem Akranesmótið sé flutt þegar við verðum með Optimistamót. BS segir að þá þurfum við að vera með marga í vinnu í kringum það. TÆ og HÁ segja að löng keppni sé skemmtilegri en stutt. EK segir að unnt verði að halda öll mótin. TÆ spyr af hverju ekki hafi verið hætt við Akranesmótið. BS spyr um forgang þegar SÍL þing hefur ákveðið mótaskrá og svo hins vegar formannafundur. EK veit ekki. GGH heldur að SÍL þing sé ofar. TÆ Segir að Grundarfjörður sé að bjóðast til að taka þátt í þessu er sammála GGH að sé röng leið en vill ekki standa í vegi fyrir þessu.

2 Cuxhaven

Fredrik Andersen stjórnarmaður í siglingaklúbb í Cuxhaven kom í heimsókn, EK sýndi honum aðstæður, komin á tengsl sem hefðu tekist ef við hefðum farið út. Nýr formaður í Cuxhaven heitir Hannes Ross. EK segir þetta fólk tala ensku, vilja samstarf á sömu forsendum og við, senda og taka á móti hóp annað hvort ár. EK talaði um 5 krakka.

3. Styrkur frá ESB

Á fyrrnefndum formannafundi (sbr 1.lið) kom fram að mögulegt væri að sækja um styrk frá ESB 800.000 til að borga allan kostnað sem fælist í því að taka á móti frönskum nemum. EK segist hafa áréttað að við tækjum ekki þátt í þessu aftur því væri of dýrt, en þetta breyti miklu. GGH segir að hafi aðeins kostað okkur 100.000 í fyrra. BS segir sína skoðun að við höfum ekki tekið á móti þeim eins og hún vill taka á móti gestum. EK segir að það sé búið að taka ákvörðun um að taka ekki þátt núna í ár, eigum ekki fólk til að senda..

4. Nautilus

Komið er tilboð um þrekæfingar fyrir þá sem hugsanlega færu til Spánar, frá Nautilus. Árskort býðst með 50% afslætti verður 13.000. BS innt sérstaklega eftir afstöðu hennar sem foreldris (sic). BS finnst það ekki mikið. GGH segir að fengjum ekki ódýrar. EK talar við sjúkrahjálfa, segist líða betur með það heldur en bara þjálfara. TÆ vill að gildi fyrir fleiri klúbbfélaga. EK ætlar að taka upp aftur, segir Ólaf í sundlauginni liðlegan

5 Vorverk í bátunum.

EK segir að bátarnir verði að fara niður um mánaðarmótin apríl/maí, Þerna er búin að vera á floti í allan vetur þarf að botnmála, taka mastur af og fleira. GGH segir kerruna ekki vera í lagi er búin að kaupa legur og bolta, þarf að athuga felgur og dekk. TÆ er búinn að fá aðstoð við rekkverkið um páskana. GGH ætlar að fá aðstoð við tréverkið. EK ætlar að laga nef á Skeglu. EK segir að þurfi að drífa af stað e.t.v. stytta kaffitíma á laugardögum og vinna á þriðjudagskvöldum.

6. Laun írsks siglingaþjálfara.

EK segir að ef við ætlum að fá mann að utan þurfi að ganga frá þessu strax. BS segir að hún og FH hafi rætt alla möguleika, m.a. þennan segir að þau séu svolítið rög við, því vitum ekkert hvað við fáum, finnst að það sé rennt svolítið blinnt í sjóinn. Um þá innlenda menn sem hafi verið nefndir á stjórnarfundum og taldir hafa komið til greina er hægt að spyrjast fyrir um þ.e. þá sem menn þekkja ekki fyrir. EK segir okkur setja kröfurnar. David Hart myndi ekki senda okkur bara einhvern sem hlypi í burtu. BS segir að miðað við umræðu á stjórnarfundum um hámarks-kostnað sem ætti að miðast að við hámarki flokksstjóra-laun dyggðu þau ekki. EK finnst við ekki geta verið svona nísk, verðum að kosta einhverju til til að fá almenninlega manneskju, segir það hafa verið gert áður og við getum gert það aftur. TÆ finnst “úlfaldi gerður úr mýflugu” segir okkur bjóða ákveðinn pakka til að fá þjálfara: tilgreinum hvað hann fái ef einhver sækir um þá er okkar að velja og hafna. EK vill fá grunntölu fái 20.000 á viku og húsnæði og skatta.

TÆ talar um 20.000 eftir skatt segir ekki mikla skatta af svona launum. HÁ segir að viðkomandi verði að vita hver skatturinn er. GGH finnst þessi laun “jókur” og finnst aðstaðan ekki boðleg fyrir erlendan mann. TÆ viss um að viðkomandi liti á sem n.k. ævintýri. Niðurstaðan EK sendir skeyti segir að fái 20.000 á viku fyrir skatt. GGH segir að allan kostnað verði að gefa upp. HÁ spyr hvort húsnæðið séu tekjur sem þurfi að greiða skatt af. BS segir að þá þurfi íslenskan flokksstóra, Hafnarfjarðarbær er um þessar mundir að auglýsa eftir starfsfólki í þau störf fyrir sumarið, veltir upp hvor bærinn geti haft milligöngu um að finna flokksstjóra. BS talar við forstöðumann vinnuskólans. EK sendir upplýsingar um kjörin. GGH situr hjá í þessu máli, sér ekki þörf á að fá erlendan þjálara í þessa optimistakenndu. TÆ ósammála því segir lengi búa að fyrstu gerð.

7. Önnur mál

- i) Von á bandarískum starfsmanni Decode sem er búin að sigla frá því er hann var krakki, kemur í heimsókn á laugardaginn.
- ii) EK segir að þurfi að búa til verkfæralista vegna verkfæra sem þarf að kaupa fyrir viðhald bátana. EK vill loftverkfæri, GGH telur rafmagnsverkfæri betri segir okkur þurfa iðnaðarverkfæri. TÆ tekur saman verkfæralista.
- iii) TÆ búinn að fara yfir Wayfarer, varahlutir kosta um 60.000. Samþykkt að kaupa varahluti fyrir allt að 60.000 í Wayfarer.
- iv) GGH með ábreiðu yfir segl, segir að kosti um 30.000 á hvorn bát. EK segir að þurfi að taka mál fá léttan dúk sem ver gegn sólarljósi, ekki vatnsheldan. TÆ og HÁ segir að þurfi að endast vel. HÁ segir mögulega ódýrara að fá með seglunum að utan. GGH datt í hug að merkja klúbbnum eða hvorum bát. EK lýst betur á að sé merk klúbbnum en lítið merki með nafni bátsins, ef t.d. ruglast eða tínist. GGH sammála því.

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:13

Birna Sigþórsdóttir Sign